

REGLUR UM FÉLAGSLEGA HEIMAÞJÓNUSTU Í BORGARBYGGÐ

1. gr.

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla einstaklinga til sjálfsbjargar og gera þeim kleift að búa sem lengst í heimahúsi, við sem eðlilegastar aðstæður.

2. gr.

Félagslega heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsi og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, eða veikinda.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi deilir heimili með fullorðnum einstaklingi sem á ekki við veikindi að stríða er að öllu jöfnu ekki veitt heimaþjónusta.

3. gr.

Hlutverk félagslegrar heimaþjónustu er að veita:

- 1) Þrif / Aðstoð við heimilishald
- 2) Aðstoð við persónulega umhirðu
- 3) Félagslegan stuðning
- 4) Aðstoð við umönnun barna
- 5) Kvöld- helgarþjónustu

4. gr.

Félagsleg heimaþjónusta getur falið í sér eftirfarandi:

1. Þrif / Aðstoð við heimilishald.

Þrif eru almennt innt af hendi aðra hverja viku. Með þrifum er átt við að ryksuga, þvo gólf, þrifa baðherbergi, vaskaskáp, ískáp og í kringum eldavél. Þurrkað skal af þegar viðkomandi getur það ekki sjálfur. Aðstoð við almenn heimilisþrif takmarkast við þau herbergi sem eru í daglegri notkun þjónustuþegans. Aðstoð er veitt við þvott á léttari gluggatjöldum, s.s. fyrir eldhús- og baðherbergisgluggum. Aðstoð er veitt við að setja þvott í vél og við frágang, eftir þörfum hverju sinni. Aðstoð má veita við matseld, en uppvask telst ekki hluti af almennum heimilisþrifum. Aðstoð nær ekki til hreingerninga, þrifa á sameign, garðyrkjustarfa eða annarra starfa utanhúss. Starfsmaður getur aðstoðað þjónustuþega við matarinnkaup. Þjónustuþeginn ber ábyrgð á eftirliti. Að öðru leyti er starfsmönnum óheimilt að fara með fjármuni þjónustuþega.

2. Aðstoð við persónulega umhirðu.

Starfsmenn skulu veita aðstoð við persónulega umhirðu, svo sem aðstoð við að klæðast og aðra aðstoð sem ekki er í verkahring heimahjúkrunar.

3 Félagslegur stuðningur.

Leitast er við að mæta þörfum einstaklinga á ýmsa vegu sem getur falið í sér hvatningu og samveru í þeim tilgangi að rjúfa félagslega einangrun.

4. Aðstoð við umönnun barna og unglinga.

Aðstoð við umönnun barna og unglinga er veitt með hliðsjón af aðstæðum þegar um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskylduaðstæður t.d. vegna fötlunar, veikinda eða félagslegra erfiðleika.

5. Kvöld- helgarþjónusta.

Kvöld- og helgarþjónusta er fyrir þá sem samkvæmt mati á þjónustuþörf þurfa á félagslegri heimaþjónustu að halda utan dagvinnutíma.

Kvöld- og helgarþjónusta er í formi innlita og stuttrar viðveru.

5. gr.

Áður en aðstoð er veitt skal starfsmaður sveitarfélagsins meta þjónustuþörf að höfðu samráði við þjónustuþega og að teknu tilliti til annarar þjónustu sem þjónustuþegi kann að eiga rétt á. Læknisvottorð skal liggja fyrir, ef ástæða þykir til.

6.gr.

Félagsmálastjóri fer með stjórn félagslegrar heimaþjónustu undir yfirstjórn velferðarnefndar.

7. gr.

Heimaþjónusta skal að jafnaði veitt á dagvinnutíma frá mánudegi til föstudags.

Þjónusta utan þess tíma skal eingöngu veitt ef fyrir liggur samþykki félagsmálastjóra og/eða velferðarnefndar að undangengnu mati á þjónustuþörf sbr. 5. gr.

8.gr.

Leitast skal við að ráða starfsfólk til félagslegrar heimaþjónustu sem hefur reynslu af heimilis- og umönnunarstörfum. Stefnt skal að því, að sem flestir starfsmenn hafi lokið sérstökum námskeiðum fyrir starfsfólk í félagslegri heimaþjónustu / umönnunarstörfum.

9. gr.

Starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu taka laun sín frá sveitarfélaginu og gilda launakjör samkvæmt samningi milli sveitarfélagsins og viðkomandi stéttarfélags.

Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá aðstoðarþegum eða aðstandendum þeirra nema um sé að ræða óverulegar gjafir. Hafa skal samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort starfsmanni sé heimilt að taka við gjöf.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um einkamál þjónustuþega og heimilishald.

10. gr.

Ef starfsmaður þarf vegna vinnu sinnar að aka til og frá vinnustað greiðir sveitarfélagið akstur skv. aksturstaða ríkisins. Eins er greitt fyrir eðlilegan akstur með þjónustuþega, s.s.til innkaupa o.þ.h.

11. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu skal greitt skv. reglum um endurgreiðslu sem sveitarstjórn setur að fenginni tillögu frá félagsmálanefnd.

Samþykkt í félagsmálanefnd Borgarbyggðar 7. mars 2007.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 12. apríl 2007.

Breytt í Velferðarnefnd 5. nóvember 2015

Staðfest í sveitarstjórn 12. nóvember 2015